

eyju þessari, í þeim skilningi á orði þessu, er 2. gr. áðurnefndra laga 13. nóv. 1903 gjörir ráð fyrir, þá verður hinsvegar Akurey eigi talin jörð í lagalegum skilningi, heldur er þetta eyðieyja, er aldrei hefir bygð verið og er auk þess sögð óbyggileg, en það eru að eins leiguliðaafnot af jörð utanhreppsmanns, sem fyrnefnd lög heimila að leggja á aukaútsvar til hreppsins, og var því útsvarsálaga sú á stefnda, er hér ræðir um, eigi lögum samkvæm. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, en eftir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður. Það vottast að málið sem gjafsóknarmál hefir verið löglega sótt, og bera hinum skipaða sækjanda málfutningslaun af almannafé, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera;

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður, og kaup hins skipaða sækjanda, málsfærslumanns Odds Gíslasonar, 15 kr., greiðist af almannafé.

Mánudaginn hinn 28. maímán.

Nr. 24/1906

Réttvísinn

gegn

Þorsteini Þorgeirssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, gengnum 18. janúar þ. á., var hinn ákærði Þorsteinn Þorgeirsson

dæmdur fyrir að hafa nauðgað kvenmanni til holdlegs samræðis við sig, til að sæta 2 ára betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til hins skipaða verjanda Stefáns póstafréðslumans Stefánssonar, 5 kr.

Þessum dómi hefir stjórnarráð Íslands áfryjað til landsyfirréttarins með stefnu 26. febr. síðastl.

Með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum er það sannað í málinu, að ákærði var hinn 21. ágúst f. á. staddur einn í herbergi í húsi húsbónda síns með giftri konu Guðrúnu Pálsdóttur, sem var að sópa þar gólf. Án þess að yrða á hana, þreif hann um upp-handleggi hennar, fleygði henni upp í rúm og nauðgaði henni, og er hún ætlaði að kalla á hjálp tók hann fyrir munu hennar og gekk þá blóð út um vit hennar; bláir blettir sáust á handleggjum Guðrúnar eftir tók ákærða. Guðrún veitti alla þá mótspyrnu er hún gat, en þar sem hún er hálf máttlaus í annari hliðinni, tókst henni ekki að afstýra því, að ákærði næði tilgangi sínum að öllu leyti.

Eftir að rannsókn málsins var frestað 29. ágúst f. á. var hreppstjóranum í Norðfjarðarhreppi boðið að gæta ákærða, að hann ekki færi burtu úr hreppnum, en samt strauk hann út á skip og ætlaði að komast til útlanda, en það mistókst, og var hann handsamaður í Skaftafellssýslu og settur í gæzluvarðhald.

Með tilliti til þess að sannað er í málinu, að ákærði hafði holdlegt samræði við Guðrúnu Pálsdóttur með fúsum vilja hennar viku áður en hann nauðgaði henni, þykir það rétt, að undirdómarinn hefir heimfært brot hans undir 169 gr. 2. másl. almennra hegningar-



laga 25. júní 1869, og þar sem ákærði var nokkuð talsvert drukkinn, er hann framdi afbrotið, en er maður ungur að aldri, er eigi hefir orðið sekur í lögbrotum áður, og með því að á hinn bóginn hin langa varðhaldsvist hans verður eigi metin til niðurfærslu refsinginnar, þar hann hefir bakað sér hana með því að strjúka, sbr. 59. gr. hegningarlaganna, sýnist mega ákveða refsinguna 2 ára betrunarhúsvinnu, eins og undirdómarinn hefir gjört.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti, þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði hans. Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði Þorsteinn Þorgeirsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málfutningsmannanna Odds Gíslasonar og Guðmundar Eggerz, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.